




Glefsa

Brot úr hagvísum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 2. tbl. 2022

Fyrirtækjakönnun 2022 - Vesturland

Vífill Karlsson

Í vikunni var fyrirtækjakönnun landshlutanna gefin út fyrir árið 2022. Hún var framkvæmd á fyrri hluta ársins eða í janúar til mars. Rúmlega 1600 fyrirtæki tóku þátt, þar af tæplega 200 af Vesturlandi. Könnunin var síðast framkvæmd haustið 2019 og svipaður fjöldi fyrirtækja tók þá þátt. Í þessari Glefsu verða helstu punktar könnunarinnar dregnir út fyrir Vesturland.



Starfsmannamál og fjárfestingar

Á Vesturlandi höfðu hlutfallslega fleiri fyrirtæki hug á að ráða fólk en árið 2019. Vesturland var í meðallagi borið saman við aðra landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Það sama má segja um hug fyrirtækja á Vesturlandi til fjárfestinga. Þegar þessar tölur voru brotnar upp eftir atvinnugreinum (á landinu öllu) kom í ljós að mestur hugurinn var í fiskeldisgreinum, sístur í sjávarútvegi á meðan ferðaþjónustan var þar mitt á milli. Eðlilega var viðsnúningurinn mestur hjá ferðaþjónustunni á milli kannanna.

Horfur í efnahagsmálum

Fyrirtæki á Vesturlandi skáru sig ekki marktækt frá öðrum fyrirtækjum á landinu er varðar sýn þeirra á horfur í efnahagsmálum veturinn 2022. Hins vegar voru þau mun bjartsýnni heldur en árið 2019 og þar var viðsnúningurinn einna mestur á landsvísi. Ferðaþjónustan skar sig úr hvað bjartsýni varðar og þá sérstaklega á Vesturlandi þar sem hún jókst mest á milli kannanna. Ekki var ljóst hvað orsakaði þann landfræðilega mun.


Umfang ferðaþjónustu

Á Vesturlandi virðist um fjórðungur allrar veltu atvinnulífsins (24%) koma frá ferðamönnum sem er það

sama og meðaltalið úr allri könnuninni. Það var svar við spurningunni „Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?“ Mest var þetta hlutfall 37% á Suðurlandi og 28% á Suðurnesjum. Þá var 12% veltu fyrirtækja að rekja til þjónustu við ferðaþjónustufyrirtæki sem gefur vísbendingar fyrir afleidd áhrif atvinnugreinarinnar. Þetta byggir á svörum við spurningunni „Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?“ Í landfræðilegu tilliti var Vesturland að þessu leyti lítið eitt undir landsmeðaltali sem var 15%. Þetta sama hlutfall var hæst 24% á Suðurlandi og Suðurnesjum, 15% á Austfjörðum, 13% á Norðurlandi eystra, 10% á höfuðborgarsvæðinu og var engin landshluti lægri. Næstur var Norðurland vestra með 11%.

Skapandi greinar

Minnst fer fyrir skapandi greinum á Vesturlandi ef marka má niðurstöðu fyrirtækjakönnunarinnar. Sú niðurstaða byggir á svörum við spurningunni: „Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu, listum, hönnun og öðrum hugverkum sem kalla mætti skapandi greinar?“. Einungis 3% af tekjum fyrirtækja Vesturlands byggja á skapandi greinum. Meðaltal könnunarinnar var 6%. Höfuðborgarsvæðið mældist hæst með 10%.



Það er lækkun á alla vegu frá 2019 þegar Vesturland mældist með 7% og nokkurn veginn fyrir miðju meðal landshlutanna.

Nýsköpun á Vesturlandi

Í könnuninni var spurt út í atriði sem tengjast nýsköpun. Þegar spurt var um vörubrún komu fyrirtæki á



Vesturlandi mjög svipað út og aðrir landshlutar. Hins vegar mældist Vesturland lægst þegar spurt var um tekjur af skapandi greinum, eins og áður sagði. Einnig þegar spurt var um tekjur af nýjum vörum og þjónustu.

Markaðsstaða

Spurt var út í markaðsstöðu og hvort hún hefði styrkst að undanfögnu. Fyrirtæki á Vesturlandi höfðu gert það en samt marktækt minna en á höfuðborgarsvæðinu. Norðurland vestra og eystra sátu að þessu leyti eftir með Vesturlandi.

Húsnæði fyrir starfsmenn

Í þessari könnun var spurt hvort fyrirtækið útvegaði starfsmönnum sínum húsnæði. Á óvart kom að fyrirtæki á Vesturlandi ásamt fyrirtækjum á Norðurlandi vestra og Suðurlandi voru mest í því að útvega starfsfólki sínu húsnæði.

Heildartekjur

Þegar spurt var hvort tekjur fyrirtækjanna væru að aukast á milli ára kom í ljós að þær voru lítið eitt meiri hjá fyrirtækjum á Vesturlandi. Hins vegar voru þær minni en hjá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Samanburður við síðustu könnun leiddi í ljós að svör við þessari spurningu voru hagfelldari á Vesturlandi en árið 2019.



Þörfin fyrir vel þjálfað starfsfólk

Þörf fyrirtækja Vesturlands fyrir faglært vinnuafli var í meðallagi snemma árs 2022 en jókst á milli kannanna. 30% fyrirtækja taldi sig vera í þörf fyrir menntað vinnuafli. Athygli vakti hvað iðnaður á Vesturlandi skar sig úr, hvað þetta varðar en hann var í sérstaklega mikilli þörf fyrir menntað vinnuafli en 50% allra fyrirtækja taldi sig vanta menntað vinnuafli. Orðaský sem unnið var fyrir landið allt bendir til að þar sé sérstaklega vöntun á fólki með iðmenntun. Í könnuninni var einnig spurt hvort fyrirtækin vantaði fólk með aðra færni sem fæst í hinu hefðbundna

skólakerfi. Í ljós kom að 19% fyrirtækja á Vesturlandi vantaði slíkt starfsfólk. Það var heldur lægra hlutfall en á landinu öllu (24%) en ekki marktækt lægra. Ferðaþjónustan taldi sig í mestri þörf á Vesturlandi, af þeim þremur atvinnugreinum sem tölfraðilega var unnt að draga út (27%).



Lokaorð

Munurinn á þátttöku eftir landshlutum á milli kannanna var helst sá að þátttakan á höfuðborgarsvæðinu var miklu betri en síðast og gaf hún þá eftir í öðrum landshlutum. Tæplega 4.000 fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fengu könnunina senda og lá netfangalisti frá Credit-info til grundvallar. Árið 2019 tóku 318 fyrirtæki þátt af Vesturland og 397 árið 2018. Um 200 tóku þátt árið 2022. Fjöldinn hefur því dregist saman sem vonandi verður ekki rakið til Covid-keppunar. Þátttakan hefur því dregist saman hægt og bitandi. Af þessu má þó hafa nokkrar áhyggjur en vonandi tekst betur til næst að efla þátttöku fyrirtækja af Vesturlandi. Aðstandendur könnunarinnar þakka þeim fyrirtækjum sem tóku þátt. Könnunin gefur mikilvægar upplýsingar fyrir þá sem vinna að byggða- og atvinnubrúun. Könnunina í heild má finna með því að smella [hér](#). Þar er úrvinnsla könnunarinnar tvíþætt. Fyrst er greining á niðurstöðum eftir landshlutum en svo sérstök greining á svörum fyrir atvinnugreinarnar. Þannig geta menn valið að skoða svörin á tvo vegu. Almenn þá segja að munurinn á svörum er miklu meiri eftir atvinnugreinum en landshlutum. Síðar verður gert grein fyrir aðferðum og uppbyggingu þessarar sem og fyrri fyrirtækjakannanna undir titlinum „Fyrirtækjakönnun landshlutanna: Gögn og aðferðir.“